

23. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 27. september 2017 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis
Þorvaldur Örn Árnason, varafultrúi SSS

Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS hafði boðað forföll og mætti Þorvaldur Örn í hennar stað. Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands, hafði einnig boðað forföll en varamaður hans hafði ekki tók á að mæta.

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir og upptækur

Forstöðumaður sagði frá fundi forstöðumanna allra þekkingarsetra á landinu með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fundurinn var haldinn vegna breytinga á úttektum samninga þegar komið er að endurnýjun þeirra. Forstöðumaður sótti aðalfund Reykjanes Geopark og sagði stuttlega frá honum. Þá sagði hann frá starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem er hluti af menntaverkefni Sóknaráætlunar sem Þekkingarsetrið heldur utan um. Kynningin verður haldin 11. október og gengur skipulagning hennar mjög vel. Þekkingarsetrið er hluti af rannsóknasamtökunum INTERACT og sagði forstöðumaður frá því að hún ásamt Sindra Gíslasyni, forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands, munu sækja ársfund samtakanna sem haldinn verður á Svalbarða 21.- 25. október.

2. Bygging smáhýsa á vegum Sandgerðisbæjar

Ákvörðun Sandgerðisbæjar um byggingu smáhýsa á húsgrunni sem byggður er við húsnæði Þekkingarsetursins var rædd. Ákveðið var að óska eftir staðfestingu á framtíðarskipulagi grunnsins og svæðinu í kring, auk nákvæmrar tímasetningar á flutningi húsanna af grunninum frá Sandgerðisbæ. Forstöðumaður mun skrifa erindið fyrir hönd stjórnar.

3. Rekstrarstaða Þekkingarsetursins

Forstöðumaður kynnti rekstrarstöðu setursins það sem af er ári. Staðan er með ágætum og í samræmi við áætlanir.

4. Orlofsdagar starfsmanna

Uppsöfnun á orlofsdögum starfsmanna var rædd. Ákveðið var að kanna hvernig þessu er háttað hjá Sandgerðisbæ.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ákveðið var að næsti stjórnarfundur verði haldinn miðvikudaginn 22. nóvember kl. 15.

Fundi var slitið kl. 16:00

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Sverrir Guðmundsson - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign